

GJALDSKRÁ

fyrir stuðningsþjónustu í Múlaþingi
samkvæmt lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga.

1. gr.

Þjónustuvegar greiða fyrir aðstoð við almenn heimilisstörf.

a. Aðstoð við almenn heimilisstörf.

Fullt gjald fyrir stuðningsþjónustu er kr. 2.195 fyrir hvern unninn tíma. Aldrei er þó innheimt fyrir meira en 10 klst. á mánuði. Þjónusta umfram það er gjaldfrjál. Mögulegt er að sækja um lækkun gjalds og skal það metið sérstaklega af starfsmönnum fjölskyldusviðs samkvæmt viðmiðum í fylgiskjali með gjaldskrá þessari. Viðmiðunarupphæðir taka breytingum í samræmi við breytingar á bótum almannatrygginga og vísitölu neysliverðs sem reiknast frá 1. desember ár hvert.

b. Afsláttur af gjaldi fyrir aðstoð við almenn heimilisþrif.

Afsláttur eða niðurfelling gjalda er metin samkvæmt innsendum tekjuupplýsingum/skattframtali árlega. Starfsmaður fjölskyldusviðs kallar árlega eftir tekjuupplýsingum. Kjósi þjónustuvegar af einhverjum ástæðum að skila ekki inn tekjuupplýsingum greiða þeir fullt gjald. Undanþága frá gjaldi gildir ekki fyrir heimsendan mat.

Stuðningsþjónusta vegna fatlaðra barna er gjaldfrjál.

2. gr.

Heimsendur matur.

Þjónustuvegar greiða fyrir aðstoð við heimsendingu matar.

Hver skammtur kostar kr. 1.167.

3. gr.

Daggjald í dagvist aldraðra.

Samkvæmt reglugerð nr. 1245/2016 um dagdvöl aldraðra, með síðari breytingum, er daggjald á dag, kr. 1.100.

4. gr.

Fæðisgjald.

Fæðisgjald í Stólpa, hæfing/iðja, er kr. 725 á dag.

5. gr.

Innheimta.

Gjöld eru innheimt mánaðarlega. Greiðsluseðlar berast ekki heim með pósti nema þess sé sérstaklega óskað.

6. gr.

Tekjumörk.

Við ákvörðun tekjumarka fyrir árið 2022 er miðað við fjárhæðir bóta almannatrygginga 1. janúar 2022.

7. gr.

Gildistaka og lagastoð.

Gjaldskrá þessi sem var samþykkt í sveitarstjórn Múlaþings 8. desember 2021 er sett í samræmi við 26. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991 og öðlast þegar gildi.

Múlaþingi, 18. janúar 2022.

Björn Ingimarsson sveitarstjóri.

Fylgiskjal.**Útreikningar á gjalddöku fyrir stuðningsþjónustu.**

Útreikningar á gjalddöku fyrir stuðningsþjónustu miðast við tekjur heimilisins. Viðmiðunarupphæðir í gjaldskrá eru fengnar með því að miða við fjárhæðir bóta almannatrygginga 1. janúar 2022. Þegar um sambýlisfólk er að ræða þá er fjárhæð margfölduð með 1,6.

Við ákvörðun tekjumarka fyrir árið 2022 er miðað við fjárhæð bóta almannatrygginga 1. janúar 2022.

Viðmiðunarfjárhæð lausafjäreigna er 2.946.014 kr. og skal taka mið af breytingum á vísitölu neysliverðs sem reiknast frá 1. desember ár hvert.

Hægt er að sækja skriflega um lækun gjalds og skal það metið sérstaklega og afgreitt af fjölskylduráði.

Kostnaður sem hver einstaklingur greiðir á klst. miðað við tekjur.

Mismunur er x 1,6 hjá hjónum.

<i>Tekjur einstaklinga</i>	<i>Tekjur hjóna</i>	<i>Hlutfall greiðslu</i>		<i>Gr. pr. klst.</i>
0-351.920	0-563.072	0%	niðurgreidds tímakaups	- kr.
351.920-527.880	563.072-844.608	50%	niðurgreidds tímakaups	1.098 kr.
527.880 og hærrí	844.608 og hærrí	100%	niðurgreidds tímakaups	2.195 kr.

Fylgiskjalið tekur breytingum um hver áramót í samræmi við fjárhæð bóta almannatrygginga og vísitölu neysliverðs í desember ár hvert.